

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Þegar peningarnir fyrir "Dark Side of the Moon" og "Wish You Were Here" byrjuðu að streyma inn töldu meðlimir Pink Floyd fjárhag sínum borgið og fóru að fjárfesta í hinum aðskiljanlegustu hlutum að ráði fjárfestingasérfræðinga til að þurfa ekki að greiða himinháa skatta en í Bretlandi var hátekjuskatturinn 83% árið 1977. Þar sem strákarnir höfðu nákvæmlega ekkert vit á þessum málum létu þeir sérfræðingana um allar fjárfestingar og tókst það svo vel að árið 1979 urðu þeir að yfirgefa Bretland í eitt ár til að komast hjá algeru gjaldþroti. Þetta fór misvel í hljómsveitarmeðlimi og Richard Wright, sem vegna skólagöngu barna sinna varð að skilja þau eftir í Bretlandi hjá móður þeirra, saknaði þeirra mikið. Reyndar var hjónaband hans á niðurleið og hefur það áreiðanlega ekki hjálpað upp á andlega líðan hans á þessum tíma. Börn hinna voru aftur mun yngri þannig að þeir gátu tekið fjölskyldur sínar með sér í þessa útleigð.

Árið 1978 gáfu bæði Gilmour og Wright út sólóplötur. Plata Gilmour heitir einfaldlega "David Gilmour" og meðal demóa, sem hann samdi var eitt, sem aldrei fór á plötuna en birtist töluvert breytt á "The Wall" með gítarsólói, sem margir telja besta rokkgítarsóló allra tíma. Meðal tónlistarmanna, sem hjálpuðu Gilmour var Willie Wilson úr hinni gömlu hljómsveit Gilmour, "Jokers Wild". Plata Wright heitir "Wet Dreams" og meðal tónlistarmanna þar er Snowy White á gítar. Wright sagði í viðtali þegar platan kom út að hann væri mjög ánægður með gripinn. Hún hefði hjálpað honum að losa um eins konar tónlistarlega ritstíflu og nú væri hann tilbúinn að fara að semja meira fyrir Pink Floyd. Mason heldur hins vegar fram að Gilmour og Wright hafi verið orðnir þurrausnir af þessu sólóstússi en það hafi ekki komið að sök þar sem vinnuhesturinn Waters notaði tímann vel.

Eins og kom fram í lok síðasta þáttar varð lítið atvik á "Animals" tónleikum í Kanada til þess að Waters kom upp með nýtt þema en bæði honum og mjög líklega fleiri hljómsveitarmeðlimum fannst sem gjá hefði myndast milli þeirra og áhorfenda á þeim risaatburði, sem Pink Floyd tónleikar óneitanlega voru orðnir á þessum tíma. Einhverntíma á árinu

1978 hóaði Waters öllum saman í Britannia hljóðverið og spilaði fyrir þá tvö nánast fullgerð demó að tveimur verkum, sem hann bað þá um að velja á milli en hann myndi þá sjálfur gefa út það, sem þeir höfnuðu. Öllum fannst þeim drögin að "The Wall" betri og Waters gaf "The Pros and Cons of Hitch-hiking" út árið 1984 og varð hún þannig upphafið að sólóferli hans.

Mason segir í bók sinni að bæði hann, Gilmour og Wright hafi verið dauðfegnir að hafa fengið upp í hendurnar svona fullkomin drög að verkinu strax í upphafi þar sem enginn þeirra átti neitt bitastætt á þessum tíma. Bæði Wright og Gilmour hafa viðurkennt að þeir hafi ekki samið mikið á þessum árum þrátt fyrir yfirlýsingar Wright í kjölfar sólóplötu hans og Gilmour hefur sjálfur sagst vera á stundum frekar latur og þurfa oft mun meiri tíma til að semja verk, sem hann sé ánægður með heldur en þjarkurinn Roger Waters. Hins vegar getur Mason einnig þess að einmitt vegna þess hve Veggurinn var fullkominn strax í upphafi hafi verið erfitt fyrir bæði Gilmour og Wright að leggja eitthvað nýtt af mörkum. Mason telur enn fremur að með tímanum hafi Gilmour orðið ósáttur við að hans framlag til verksins, sérstaklega "Comfortably Numb" og "On the Run", hafi ekki hlotið sanngjarna viðurkenningu og þó að allar slíkar tilfinningar hafi legið niðri þegar vinnan byrjaði haustið 1978 í Britannia Row hljóðverinu hafi þær komið upp á yfirborðið þegar allt fór í háalofst síðar.

Áður enn vinnan hófst þurftu þeir að finna sér nýjan tæknimann en þeir töldu að Brian Humphries, sem var aðaltæknimaður tveggja síðustu platna og hafði áður starfað fyrir þá, þjáðist nú af fullkomnum Pink Floyd útbruna. Alan Parsons, sem aðstoðaði við gerð "Dark Side of the Moon" mælti með ungum, hæglátum og þolinmóðum manni, James Guthrie, sem að sögn missti neðri kjálkann alla leið niður á gólf þegar umboðsmaðurinn, Steve O'Rourke bauð honum að vera tæknimaður við gerð hins nýja verks. Hann hlaut náð fyrir augum Waters og fékk senda prufu.

James Guthrie var víst alger andstæða við meðframleiðandann Bob Ezrin, sem Waters vildi endilega hafa með af einhverjum ástæðum en þáverandi kærasta Waters, sem hafði starfað fyrir Ezrin, mælti með honum. Skv. Mason var Ezrin bæði fullur af orku og það hefur Waters örugglega líkað vel, en hann var líka mjög óáreiðanlegur og er vægast sagt skrítið að það skyldi hafa hlotið náð fyrir augum orkuboltans. Sagan segir að Ezrin hafi gefið tóninn með því að koma of seint til fyrsta fundar síns með

hljómsveitinni í hljóðverinu og þá hafi Waters heilsað honum með því að hamra fingrunum á klukkuna.

Skömmu eftir að vinnan byrjaði varð ljóst að Britannia Row hljóðverið dugði ekki fyrir Vegginn þó að það hafi verið nógu gott fyrir "Animals". Á sama tíma hrundi fjárhagurinn. Svo merkilegt sem það kann að hljóma var það fjármálaráðgjafi frá því sama fyrirtæki, sem sá um fjárfestingar fyrir meðlimi Pink Floyd, sem komst að því að það var ekki allt með felldu og var nógu heiðarlegur til að gera uppvíst um hneykslið. Forstjóri fyrirtækisins flýði til Spánar en var handtekinn og var 3 ár í fangelsi. Fullt af elli- og örorkulífeyrisþegum missti aleiguna en þó að okkar menn töpuðu 1 milljón punda og skulduðu allt í einu einhvers staðar á bilinu 5 til 12 milljónir punda í skatta gátu þeir þó haldið áfram að vinna öfugt við gamla fólk og öryrkjana. Þeir ákváðu að fara úr landi og ljúka við Vegginn erlendis en skattalög í Bretlandi höfðu a.m.k. þá það skrytna eðli að tekjur, sem Breti fær meðan hann er staddur í útlöndum, eru skattfrjálsar í Bretlandi - ef hann er í burtu í a.m.k. eitt ár og stígur ekki fæti á breska grund á meðan. Þeir settust að í Frakklandi og vinnan við "The Wall" fór að mestu fram í hljóðveri í frönsku Ölpunum nálægt borginni Nice.

Mason var fyrstur til að ljúka sínum hluta að mestu leyti og gat því leyft sér að hafa frekar náðuga daga. Hann fór ásamt umboðsmanninum í helgarferð til Le Mans að fylgjast með kappakstri og heillaðist svo mjög að hann hefur verið ötull safnari kappakstursbíla allar götur síðan.

Richard Wright átti það hins vegar ekki jafn náðugt. Einhvern tíma sumarið 1979 var Pink Floyd boðin hærri prósentu af sölunni ef þeir næðu að ljúka gerð plötunnar fyrir jólin. Waters ráðfærði sig við Ezrin og engan annan og komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri möguleiki. Þeir tóku annað hljóðver á leigu um 80 kílómetra frá hinu og skiptu upptökunum á milli hljóðveranna til að flýta fyrir. Hinn ofvirki Ezrin tók að sér að aka á milli til að samhæfa aðgerðir og brúa hið sívíkkandi bil á milli Waters og Gilmours en hljómborðin mættu einhverra hluta vegna afgangi.

Til að ná því að ljúka plötunni á umsömdum tíma varð Wright að fórna sumarleyfi sínu en þeir höfðu ákveðið að taka sér smá frí um mitt sumarið og hefur Wright líklega hugað gott til glóðarinnar að fá smá tíma til að hitta börnin sín en eins og fram kom í upphafi var hann sá eini, sem ekki var með fjölskyldu sína með sér. Þegar umboðsmaðurinn sagði Wright að

hann yrði að taka upp hljómborðshlutana á meðan hinir væru í fríi þverneitaði hann einfaldlega og skv. sumum heimildum það hann O'Rourke að segja Waters að fara í rass og rófu. Waters varð alveg gáttaður og fokreiddist. Honum fannst að hann væri að leggja mjög mikla vinnu í verkið og að Wright hefði engan áhuga á að hjálpa til.

Ekki hjálpaði það til að Wright hafði viljað vera meðframleiðandi að plötunni og Waters hafði sagt að það væri í lagi svo framarlega að hann legði eitthvað af mörkum en skv. Mason var það ekki meira en að mæta í upptökur og sitja úti í horni án þess að gera neitt. Þetta fór heldur ekki vel í Ezrin, sem fannst alveg komið nóg af framleiðendum en hann bauðst þó að hjálpa Wright með hljómborðsupptökurnar en einhverra hluta vegna var Waters aldrei ánægður.

Þessi uppákoma sleit öll bönd á milli Wright og Waters. Waters hafði samband við umboðsmanninn, sem var á siglingu til Bandaríkjana og sagði honum að þegar hann, þ.e. Waters, kæmi til Los Angeles að hljóðblanda plötunna yrði Wright að vera hættur í hljómsveitinni en að öðrum kosti myndi Waters hætta við allt saman - og það gat hann þar sem verkið var nánast allt samið af honum sjálfum. Gilmour talaði við Wright og lýsti yfir stuðningi við hann og hvaða ákvörðun sem hann tæki en benti honum á það væri alveg rétt að hann hefði ekkert lagt af mörkum. Wright tók þá ákvörðun að hætta frekar en að berjast af ýmsum ástæðum. Mason telur þær helstar að hann var ekki meðframleiðandi, Waters líkaði ekkert, sem kom frá honum á hljómborðunum, hjónaband hans var að hrynja og eins og þeir allir hafði hann miklar áhyggjur af fjármálunum ef platan kæmi ekki út á réttum tíma. Ákvörðun Wright hafði svo þau hliðaráhrif að hann spilaði sem launaður leiguliði á öllum "The Wall" tónleikunum en hinir þrír urðu að skipta tapinu á milli sín.

Áður en við hlýðum á fyrri hluta "The Wall" er rétt að benda á að Waters samdi mun meira en komst fyrir í endanlegu útgáfunni á þessum tveimur plötum. Hluti af því, sem ekki komst fyrir, var notaður á tónleikunum, þ.á.m. lagið "What Shall We Do Now", sem við heyrðum í upphafi. Lagið "When the Tigers Broke Free" var spilað í kvikmyndinni, sem kom út 1982 og enn fremur var eitthvað af ónotuðu efni á "The Final Cut".

Í fyrri hlutanum á Gilmour aðeins hluta í laginu "Young Lust" en allt annað er eftir Waters. Ég vek athygli á diskótaktinum í "Another Brick in

the Wall, part 2" en það var hugmynd Ezrin. Gilmour var á móti en bæði Waters og Mason meðfylgjandi og þó að Gilmour skili gítarsólóinu af sinni einstöku snilld hefur hann látið hafa eftir sér honum leiðist að spila þetta lag. Skólakórinn var einnig hugmynd Ezrin en hann lét engan vita fyrir en hann spilaði lagið með kórnum fyrir þá og féllu þeir allir fyrir því. Það var einnig hugmynd Ezrin að gefa þetta lag út á tveggja laga plötu með uppskrúfuðum diskótakti. Waters var efins en lét til leiðast. Þetta var fyrsta smáskífa Pink Floyd í 12 ár og sú vinsælasta frá því að "See Emily Play" kom út á smáskífu 1967. Lagið varð enn fremur vinsælasta lag Pink Floyd frá því að Money kom út 6 árum fyrir.

Seinni hluti "The Wall" verður spilaður að viku liðinni.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lög: "The Wall, fyrri platan"

<https://www.youtube.com/watch?v=8C06GbYuG8A>

<https://www.youtube.com/watch?v=woaZKVDWT5A>

© Björgvin R. Leifsson 2013